

AUGLÝSING

um samþykkt breytingar á deiliskipulagi í Mosfellsbæ.

Bæjarstjórn Mosfellsbæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi sem hér segir:

Fossatunga 9-15.

Breytingin felur í sér að í stað raðhúss með fjórum íbúðum, verður heimilt að byggja fimm íbúða raðhús. Raðhúsagerðin R-IIID breytist úr því að vera með 11 m breidd á hverri raðhúsaeyningu í að verða 9 m breidd á hverja einingu. Útbyggingarmöguleikar verði 2,5 m á báðar langhlíðar í stað 2,5 m og 3,0 m áður.

Ofangreind breyting hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

F.h. Mosfellsbæjar, 17. júlí 2019,

Ólafur Melsted skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 18. júlí 2019